

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2011.

Í dag 18. apríl 2012 var ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2011 tekinn til fyrri umræðu. Eins og sveitarstjórnarlög kveða á um, skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn. Seinni umræða verður 15. maí n.k.

Í reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi 1. janúar 2001, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 og ársreikninga nr. 144/1994 að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga skulu byggðir á almennum reikningsskilaaðferðum.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011 byggir á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.

Helstu lykiltölur:

Rekstrartekjur ársins 2011 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrartekjur	764.724	686.857	822.472	744.519
Rekstrargjöld án afskrifta	682.960	584.587	704.087	603.260
Rekstrarmiðurstaða án fjármagns liða	81.764	102.270	118.385	141.259
Afskriftir	-38.259	-38.132	-53.788	-54.032
Fjármagnsliðir	-78.642	-60.430	-112.316	-83.494
Rekstrarmiðurstaða	-35.138	3.708	-47.718	3.733
Efnahagur samstæðu	Sveitarsjóður		Samantekið	
pr. 31.12.2011 í þús. k.r.	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Fyrri ár	Ársreikningur	Fyrri ár
Eignir				
Fastafjármunir	1.948.683	2.037.979	2.124.488	2.196.384
Veltufjármunir	306.929	242.121	130.914	109.903
Eignir samtals	2.255.612	2.280.100	2.255.402	2.306.287
Skuldir og eigið fé				
Eigið fé	980.621	1.051.306	799.231	882.496
Skuldbindingar	204.158	204.067	204.158	204.067
Langtímaskuldir	845.373	863.813	999.810	1.029.904
Skammtímaskuldir	225.460	160.914	252.203	189.820
Skuldir og eigið fé samtals	2.255.612	2.280.100	2.255.402	2.306.287

Sjóðsstreymi ársins 2011 í þús. kr.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrarniðurstaða	-35.138	3.708	-47.718	3.733
Veltufé frá rekstri	21.265	58.592	33.035	84.874
Handbært fé frá rekstri	70.450	63.592	86.752	92.874
Fjárfestingarhreyfingar	28.865	1.450	13.511	-16.000
Fjármögnunarhreyfingar	-90.607	-70.761	-91.555	-76.861
Hækkun á handbæru fé	8.708	-5.719	8.708	13

Í hlutfalli við rekstrartekjur	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Skatttekjur	58,44%	64,35%	57,20%	61,51%
Framlög jöfnunarsjóðs	20,89%	15,18%	19,42%	14,00%
Aðrar tekjur	20,67%	20,48%	23,38%	24,55%
Samtals	100,00%	100,01%	100,00%	100,06%
Laun og launatengd gjöld	58,02%	57,25%	55,06%	54,04%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	0,67%	1,82%	0,62%	0,00%
Annar rekstrarkostnaður	30,62%	26,04%	29,92%	25,31%
Afskriftir	5,00%	5,55%	6,54%	7,26%
Fjármagnsliðir, nettó	10,28%	8,80%	13,66%	11,21%
Gjöld samtals	104,59%	99,46%	105,80%	97,82%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	-4,59%	0,54%	-5,80%	2,18%

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstur				
Rekstrartekjur samtals:	695.203	624.416	747.702	683.045
Rekstrargjöld og fjármagnliðir:	727.146	621.044	791.082	679.621
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	-31.944	3.372	-43.380	3.369

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur
Efnahagur	2011	2010	2009	2008
Eignir	2.050.556	2.072.818	1.788.583	1.633.234
Eigið fé	891.474	955.733	713.690	625.294
Skuldir og skuldbindingar	185.598	1.117.085	1.074.893	1.007.941
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahags	161.000	165.377		

Aðrar lykiltölur	2011	2010	2009	2008
Veltufjárlutfall	1,36	1,50	1,41	1,83
Eiginfjárlutfall	43,47%	46,11%	39,90%	38,29%
Íbúatala 1.desember	1.108	1.100	1.090	1.108

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 822,5 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 764,7 millj. kr.

Rekstrargjöld A og B hluta námu 704,1 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 683,0 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var neikvæð um 35,1 millj. samkvæmt ársreikningi en neikvæð um 47,7 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2011 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 799,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 980,6 millj. kr.

Rekstarafkoma samantekins ársreiknings A og B hluta er neikvæð um 47,7 millj. kr. Meginátæður eru fyrir þessu eru:

- Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs A-hluti var neikvæð um 35,1 millj. Helstu ástæður þessarar rekstrarniðurstöðu má rekja til hækkunar launakostnaðar miðað við fjárhagsáætlun m.a. vegna þess að kjarasamningar voru gerðir á miðju ári 2011. Einnig urðu fjármagnsgjöld hærri, þar sem verðbólga reyndist hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Það sem er jákvætt við rekstur bæjarsjóðs A og B hluta er að Hafnarsjóður var rekin með u.þ.b. 1,0 millj. kr. hagnaði. Einnig er jákvætt að tekjur eru að aukast hjá Stykkishólmsbæ A-hluta eða úr 687,3 millj. kr. árið 2010 í 764,7 milljónir króna árið 2011. Skuldahlutfall miðað við tekjur hefur batnað milli ára.

Helstu fjárfestingarhreyfingar eru annars vegar sala á Aðalgötu 2 að upphæð 37,3 milljónir króna, hins vegar fjárfestingar að upphæð 23,8 milljónir króna og vegur fjárfesting í flotbryggju að upphæð 9,7 milljónir, nýtt hlutafé í Jeratúni að upphæð 5,7 milljónir þyngst.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts var 0,43% á íbúðarhúsnæði.

Álagningarhlutfall á aðrar fasteignir var 1,65%. Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasíðu Stykkishólmbæjar.

Nánari upplýsingar veitir: Þór Örn Jónsson, bæjarritari, í síma 433-8100